

Einkenni sjúklinga sem fá meðferð í réttargeðþjónustu og hlutverk hjúkrunarfræðinga í meðferð þeirra: Fræðileg samantekt

lðunn Hekla Heiðarsdóttir, Sigríður Jóna Rafnsdóttir, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Eyrún Thorstensen, Helga Bragadóttir
Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið, Háskóli Íslands og Landspítali



Inngangur:

Réttargeðþjónusta vísar til þeirrar þjónustu sem sinnir ósakhæfum einstaklingum sem glíma við félagslegan og geðrænan vanda. **Meðferð sjúklinga á réttargeðdeildum er ekki valkvæð sjúklingum og getur hjúkrun þeirra verið krefjandi og umfangsmikil.** Verulegu máli skiptir að meta þarfir sjúklinga innan réttargeðdeilda og veita einstaklingsmiðaða meðferð sem er bæði örugg og árangursrík.

Tilgangur:

Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á það sem einkennir sjúklinga í réttargeðþjónustu, þarfir þeirra og hlutverk hjúkrunarfræðinga í meðferð þeirra.

Aðferð:

- **Um fræðilega samantekt er að ræða.** Heimilda var leitað á kerfisbundinn hátt í þremur gagnagrunnum, PubMed, Scopus og Web of Science.
- Leitað var að rannsóknargreinum frá árunum 2015–2023 sem voru á íslensku eða ensku.
- Notast var við PRISMA flæðirit til þess að lýsa heimildaleit og niðurstöðum hennar.

Niðurstöður:

14 rannsóknir frá 8 löndum í 3 heimsálfum uppfylltu inntökuskilyrði.

Það sem einkennir sjúklinga í réttargeðþjónustu er að

- **Þeir eru karlmenn**
- **Hafa litla menntun**
- **Hafa sögu um vímuefnaneyslu**
- **Eru greindir með geðrofssjúkdóma**

Helstu þarfir sjúklinganna voru að

- **Fá að taka þátt í og fá upplýsingar um eigin meðferð**
- **Njóta gagnkvæmrar virðingar**
- **Fá umönnun sem undirbýr þá fyrir að fara aftur út í samfélagið**

Hlutverk hjúkrunarfræðinga var að veita heilðræna og einstaklingsmiðaða hjúkrun sem felur í sér að aðstoða sjúklinga við að horfast í augu við afbrot sín, hvetja til þátttöku þeirra í meðferð og mynda árangursríkt meðferðarsamband.

Ályktun:

- **Fáar rannsóknir** fundust og **engar íslenskar.**
- Greina má ákveðna þætti hjá sjúklingum á réttargeðdeildum og það sem helst einkennir þá.
- **Mikilvæg skilaboð til stjórnenda, klínískra starfsmanna réttargeðdeilda, kennara í hjúkrun og heilbrigðisvísindum** til að leggja áherslu á einstaklingsmiðaða meðferð og þátttöku sjúklinga í henni.
- Niðurstöður benda einnig á mikilvægi rannsókna í réttargeðhjúkrun sem skortir alveg hér á landi.